



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Blönduósi 18. febrúar 2014

250. mál – lagafrumvarp – 140. löggjafarþingi 2013-2014
Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði

UMSÖGN

Blönduósbær hefur kynnt sér efni frumvarps til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði, 250. þingmáls á 140. löggjafarþingi árin 2013-2014. Blönduósbær lætur efnið sérstaklega til sín taka vegna þýðingu sérverkefna embættis sýslumannsins á Blönduósi á sviði innheimtu og fullnustu, þ.m.t. töku ákvarðana um afplánun vararefsingar vegna ógreiddra sekta.

Á síðustu árum hefur sýslumaðurinn á Blönduósi tekið að sér fjölbreytt innheimtuverkefni fyrir ríkið og hinar ýmsu stofnanir þess, s.s. Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun og Fjármálaeftirlitið. Ennfremur er hafin skoðun á að færa vanskilainnheimtu Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) til embættisins. Embættið hefur sérhæft sig í innheimtu ríkiskrafna og hefur þannig jafnt og þétt skapast verðmæt þekking meðal starfsmanna þess, jafnt um frum- milli- og löginnheimtu, hérlendis sem erlendis.

Hjá embættinu starfa 31 manns. Í atvinnulegu tilliti hefur embættið gríðarlega mikla þýðingu fyrir sveitarfélagið og héraðið allt. Því er mjög mikilvægt að aðalskrifstofa sýslumannsembættisins verði á Blönduósi. Ef horft er til eitt af markmiðum frumvarpsins að stefna skuli að sameiningu embættanna í einn þjónustukjarna þá hníga rök að því að staðsetning embættanna þ.e. aðalskrifstofu sýslumannsins, lögreglustjóraembættið og Innheimta sýslumannsins á Blönduósi – innheimtumiðstöðvar (IMST) sé á Blönduósi.



IMST er byggð upp með samskonar hætti og innheimta opinberra gjalda. Kröfur eru stofnaðar og hýstar í Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og þeim úrræðum eftir atvikum beitt sem innheimtumaður ríkissjóðs almennt beitir. Hefur IMST með höndum innheimtu sekta, sakarkostnaðar, endurkrafna vegna greiðslna ríkisins á bótum til þolenda afbrota, endurkrafna vegna málskostnaðar í gjafsókn, endurkrafna vegna ofgreiðslna Fæðingarorlofssjóðs, Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar, eftirlitsgjalda, dag- og stjórnvaldssekta Fjármálaeftirlitsins og dagsekta Vinnueftirlitsins.

Auk þess sem IMST er bersýnilega háð kerfisveitum og starfsemi sýslumannsembættisins á Blönduósi til að geta skilað tilætluðum árangri við innheimtu ríkiskrafna eru tengslin við lögregluna ekki síður nauðsynleg. Til að IMST geti rækt lögbundið hlutverk sitt við fullnustu sekta þarf aðgengi að lögreglakerfinu LÖKE að vera tryggt svo og skilvirkt samstarf og samskipti við lögreglu, t.a.m. í tengslum við eftirlýsingar og handtökur þeirra er afplána skulu vararefsingar.

Hingað til hafa starfsmenn IMST talist til jafns vera starfsmenn sýslumanns og lögreglustjóra og þannig haft aðgang að þeim tölvukerfum og starfsmönnum beggja sem þörf hefur krafist hverju sinni. Verði frumvarpið að lögum og ákveðið verður að skilja að sýslumannsembættið og embætti nýs lögreglustjóra á Norðurlandi vestra kann breytingin að fela í sér takmarkanir á getu IMST til að þjóna hlutverki sínu sem skyldi. Í ljósi þessa er talið mikilvægt að vekja athygli á því svo IMST geti rækt hlutverk sitt með óbreyttu sniði og án takmarkana, að IMST hafi aðgang að tölvukerfunum á milli embætta.

Með hliðsjón af ofangreindu er það von Blönduósbaer að nefndarmenn taki erindið til athugunar og hlutist til um að tryggt verði, eftir atvikum með breytingum á lögum og/eða ákvæðum reglugerða, að staðsetning embættanna verði áfram á Blönduósi og að IMST haldi óbreyttum úrræðum og aðgangi að opinberum kerfum til rækslu starfa sinna eftir að ný embætti hafa tekið til starfa þann 1. janúar 2015.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Arnar Þór Sævarsson
Bæjarsjóri Blönduósbaer